

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 13. júní 2023

Umsögn Landverndar um áform um sameiningu stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, mál nr. 103/2023

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreind áform og fagnar því mjög að til standi að sameina stofnanir innan náttúruverndar í eina stofnun en dregur í efa að faglegar forsendur fyrir loftslagsstofnun séu til staðar. Stjórnin telur að almennt séu faglegar forsendur sameininganna sem um ræðir, að undanskilinni sameiningu stjórnarsýslu náttúruverndar, óljósar og markmið sameiningar virðast eingöngu vera rekstrarlegs og byggðaþróunarlegs eðlis. Sameiningarnar eru of bundnar af lögsögu URN en ekki af málefnum sem um ræðir. Þær umfangsmiklu breytingar sem verða á stjórnarsýslu umhverfismála við sameiningar sem URN setur fram í ofangreindum áformum eru mjög vandasamar og ef vel á að takast til verður að gefa sameiningarferlinu góðan tíma og mikla athygli og fjármuni af hálfu ráðuneytisins. Þá verður að tryggja að ekki verði rof á lykilstarfsemi stofnananna við svo umfangsmiklar breytingar. Reynslan sýnir að sameiningar eru mjög vandasamar en geta verið farsælar ef vel er að þeim staðið. Þá gera samtökin athugasemd við að eingöngu eru veittar tvær vikur til umsagnar um áform um þetta risastóra verkefni sem duga engan vegin til.

Stjórn Landverndar hefur áhyggjur af því að ef að ekki tekst vel til með sameiningar stofnanna URN muni álag á samtökin aukast verulega þar sem líkur eru á því að virkni stofnananna til að sinna sínu eftirlitshlutverki kunni að skerðast til einhverra ára á á meðan starfsfólk aðlagast nýju fyrirkomulagi Þá munu umhverfisverndarsamtök eiga erfitt með að taka við því aukna álagi sem því fylgir í ljósi þess litla stuðnings sem frjáls náttúruverndarsamtök njóta frá opinberum aðilum á Íslandi. Því er afar brýnt að fagfólki innan hvernar stofnunar sé tryggt áframhaldandi starf og þekking og reynsla starfsfólks glattist ekki. Ef markmið sameininganna eru eingöngu rekstrarlegs- og byggðaþróunarlegs eðlis er mjög hætt við því að fagleg sjónarmið gleymist, ráðningar verði ekki byggðar á því að tryggja sérfræðiþekkingu og hugsjón fyrir umhverfinu.

Náttúruverndar- og minjastofnun

Stjórnin vísar í fyrri umsagnir sínar um fyrirhugaða þjóðgarðastofnun¹ og áréttar að við frekari útfærslu á sameinaðri náttúruverndarstofnun er brýnt að hafa eftirfarandi í huga:

- Frumvarp um náttúruverndarstofnun verður að vinna á grunni náttúruverndarlaga nr. 60/2013
- Gildissvið nýrrar stofnunar gagnvart UNESCO svæðum og alþjóðasamningum til dæmis eins og Bernarsáttmálans, Ramsarsamingsins, samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og loftslagsaming Sameinuðu þjóðanna, er varða náttúruvernd verði mjög skýrt.
- Faglegur grundvöllur stofnunarinnar verði tryggður og sérstaklega verði hugað að mönnun með bestu fáanlegu sérfræðingum á sviði náttúruverndar.
- Tekin verði af allur vafi um aðkomu hinnar nýju stofnunar að stjórnun verndaðra landgræðslusvæða, þjóðskóga, ríkisjarða með hátt náttúruverndargildi og þjóðlenda.
- Hvernig samstarfi og samvinnu við aðrar stofnanir á sviði náttúruverndar verði háttáð eins og Landgræðsluna, Skógræktina sem og að verkaskipting, boðleiðir og samstarf við hinar nýju stofnanirnar verði skýrt, þá sérstaklega þegar kemur að rannsóknum og vöktun á náttúru Íslands.

Loftslagsstofnun

Stjórn Landverndar telur vandfundin samlegðaráhrif af sameiningu Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar undir heitinu Loftslagsstofnun. Loftslagsmál eru altumlykjandi og hlutverk hinnar nýju stofnunar yrði að miklu leyti mengunarvarnir og úrgangsmál, sem eru vissulega loftslagsmál en það eru skógrækt og landgræðsla, iðnaður, ferðaþjónusta, landbúnaður, sjávarútvegur, efnahagsstjórn, lýðheilsุมál og skipulagsmál einnig. Ef stofnunin á virkilega að sinna loftslagsmálum þarf hún að hafa lögsögu um mun fleiri mál en loftslagsbókhald, mengunarvarnir, úrgangsmál og orkumál. Við sameiningu við Orkustofnun er einnig hætt við því að áherslan sem fram hefur komið endurtekið í vinnu URN á þessu kjörtímabili verði alfarið á orkumál en ekki á þau grundvallarumskipti sem verða að vera á samfélaginu til þess að það starfi með sjálfbærum hætti og samdráttur í losun í samræmi við markmið Ríkisstjórnarinnar náist. Forsendur þessarar sameiningar eru því sameining þess sem afgangur er af stofnunum URN þegar búið er að sameina náttúrufarsrannsóknir og -vöktun annars vegar og náttúru- og minjavernd hins vegar. Betur færi á því að stofnunin héti áfram Umhverfisstofnun enda slæmt að eiga enga umhverfisstofnun á Íslandi.

¹ [Athugasemdir Landverndar v. frumvarps til laga um þjóðgarðsstofnun - Landvernd](#)
[Umsögn um frumvarp til laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða - Landvernd](#)
[Landvernd styður hugmyndir um Hálendisþjóðgarð og þjóðgarðastofnun - Landvernd](#)
[Landvernd fagnar áformum um þjóðgarðsstofnun - Landvernd](#)

Aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum hafa ekki verið sannfærandi. Forsendur aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum frá 2020² eru löngu brostnar³ og ekkert bólar á nýrri aðgerðaáætlun. Þá gera glænýjir loftslagsvegvisar URN og Samtaka atvinnulífsins út um vonir um að atvinnulífið muni draga úr sinni losun svo einhverju nemi til ársins 2030.

Stofnanir sem ekki á að sameina

Úrvinnslusjóð, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Loftslagsráð og Úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála á ekki að sameina í þessu sameiningarferli. Mikil og réttmæt gagnrýni hefur komið fram á starfsemi úrvinnslusjóðs á síðastliðnum árum og ljóst er að sjóðurinn sinnir ekki hlutverki sínu sem skyldi⁴. Réttast væri að sameina hann Umhverfisstofnun eða tryggja skýrt eftirlitshlutverk stofnunarinnar við hann. Þá er ekki skýrt hvers vegna Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á ekki að sameina en um er að ræða litla stofnun sem tekur á málefnum sem varða náttúruvernd og sjálfbærni. Hana mætti fella undir Umhverfisstofnun eða Náttúruverndar- og minjastofnun.

Hlutleysi Úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála og Loftslagsráðs er mikilvægt að tryggja og því telur Landvernd ekki hægt að sameina þær öðrum stofnunum.

Lokaorð

Landvernd fagnar því að sameina eigi náttúruvernd á Íslandi undir eina stofnun enda hafa samtökin lengi kallað eftir því. Samtökin telja að URN ætli sér of mikið með þeirri stóru sameiningu sem lögð er til í áformunum og því leggja þau til að til fyrst verði farið í að sameina náttúruvernd á Íslandi undir einn hatt og af þeirri reynslu megi svo læra um sameiningu annarra stofnanna. Annars er hætt við því að stjórnsýsla umhverfismála á Íslandi verði óstarfhæf, hið minnsta til skemmri tíma.

*Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

² <https://landvernd.is/mikil-baeting-a-adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum-en-timinn-er-naumur/>

³ <https://landvernd.is/alyktun-forsendur-adgerdaaetlunar-brostar/>

⁴ <https://landvernd.is/alyktun-urgangsmal-og-endurvinnsla-i-miklum-olestri/>
<https://landvernd.is/oskum-efrir-breytingum-a-stjorn-urvinnslusjods/>
<https://landvernd.is/umsogn-stefna-i-urgangsmalum/>

